

## 3. gr.

Upphaf 3. liðar í viðauka I orðist svo:

3. EININGAR, SEM ERU NOTAÐAR Í ALÞJÓÐLEGA EININGAKERFINU, EN GILDI ÞEIRRA ERU FENGIN MEÐ TILRAUNUM

| Stærð | Heiti           | Eining<br>Tákn | Skilgreining                                                                                                                                 |
|-------|-----------------|----------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Orka  | Rafeindavolt    | eV             | Rafeindavolt er hreyfiorkan sem rafeind tekur í sig þegar hún fer í lofttómi frá einum stað til annars sem hefur eins volts meiri rafspennu. |
| Massi | Atómmassaeining | u              | Atómmassaeining er einn tólfti hluti af massa einnar frumeindar aðalsamsætu frumefnisins kolefni-12.                                         |

Síðasta málsgrein og athugasemd haldast óbreyttar.

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu og með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/103/EB frá 24. janúar 2000 um breytingu á tilskipun ráðsins 80/181/EEB um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi mælieiningar sem tekin hefur verið upp í EES-samninginn, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11 frá 28. febrúar 2001.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 9. október 2001.*

F. h. r.

**Porgeir Örlygsson.**

*Atli Freyr Guðmundsson.*

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 714/2001 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

## 1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á blaðlauk í 2. gr. reglugerðarinnar:

| Tollnúmer: | Vara       | Tímabil             | Vörumagn<br>kg<br>ótilgr. | Verðtollur<br>% | Magntollur<br>kr./kg<br>0 |
|------------|------------|---------------------|---------------------------|-----------------|---------------------------|
| 0703.9001  | Blaðlaukur | 10.10.01 — 15.03.02 |                           | 30              | 0                         |

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 10. október 2001.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

---

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Eldeyjarbanka.**

1. gr.

Frá og með 12. október 2001 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu óheimilar á Eldeyjarbanka, á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 10'00 N — 23° 30'00 V
2. 64° 10'00 N — 23° 40'00 V
3. 64° 00'00 N — 23° 40'00 V
4. 64° 00'00 N — 23° 30'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. október 2001.*

**Árni M. Mathiesen.**

---

*Jón B. Jónasson.*